

Kjarasamningur

Milli Handknattleiksfélag Kópavogs (HK) sem rekstraraðila íþróttahúsa í Kópavogi
og VR
vegna starfsfólks íþróttahúsa.

1. grein.

Heimilt er rekstraraðila að skipuleggja vinnutíma starfsmanna á vöktum. Með vöktum er átt við reglubundin skipti vinnunnar á dag-, kvöld- og helgarvinnu. Vinnuvaktir skulu vera í samræmi við þær vinnuvaktir sem um hefur verið samið eða eins og um þær kann að semjast.

Heimilt er að breyta vöktum með minnst 30 daga fyrirvara án samþykkis starfsmanna ef sú breyting hefur ekki í för með sér kjaraskerðingu.

2. grein.

Vikulegur vinnutími skal vera 38,75 klst. að jafnaði.

3. grein.

Vinna frá kl. 16:00 – 24:00 á virkum dögum greiðist með 33% álagi. Vinna frá kl. 24:00 – 08:00 greiðist með 55% álagi svo og öll vinna á laugardögum og sunnudögum.

Vinna umfram reglubundnar vaktir skulu greiðast með yfirvinnukaupi, þegar fullri vinnuskyldu er náð skv. kjarasamningi, þ.e. eftir að 166,79 klst. vinnuskyldu er náð á mánuði.

Þeir starfsmenn sem ekki vinna á reglubundnum vöktum taka dagvinnu eða yfirvinnulaun skv. samningi þessum en að öðru leyti gilda ákvæði í almennum kjarasamningi VR.

4. grein.

Um desemberuppbót skal vera samið sem hér segir á samningstímanum:

| | |
|--------------|-------------|
| Á árinu 2021 | kr. 121.700 |
| Á árinu 2022 | kr. 124.750 |

HK VR

5. grein.

Matar- og kaffihlé teljast til vinnutíma, enda ber starfsmanni að sinna aðkallandi málum þó í matartíma sé.

6. grein.

Starfsmaður á rétt á að sækja námskeið til að afla sér þekkingar sem nýtist honum í starfi án skerðingar launa í allt að hálfan mánuð á ári.

7. grein.

Öllum fastráðnum starfsmönnum skal útvega vinnufatnað a.m.k. einu sinni á ári. Hér er um að ræða einn vinnugalla, inniskó og tvo stuttermaboli. Heimilt er að greiða skópeninga vegna skófatnaðarins hér að ofan kr. 10.391 (árið 2019) á ári, sem tekur hækkunum miðað við almennar launabreytingar. Starfsmaður skal skila þeim vinnufatnaði sem hann fékk síðast þegar hann lætur af störfum, nema um annað sé samið.

8. grein.

Laun starfsmanna eru skv. undirrituðum launatöflum sem eru hluti af samningi þessum á hverjum tíma.

9. grein.

Vegna óreglulegs matartíma greiðist 30 mín. fyrir hvern unninn dag, í yfirvinnu. Vegna ferða til og frá vinnustað eftir að strætisvagnar eru hættir að ganga skal greiða 10 km akstur skv. akstursgjaldi Ferðakostnaðarnefndar ríkisins.

Starfsmaður á rétt á endurskoðun launa sinn þann 1. júlí ár hvert og skal þá taka mið af almennri launaþróun í starfsgreininni.

10. grein.

Kjarasamningur VR og SA gildir í öllum þeim atriðum öðrum en í samningi þessum greinir.

11. grein.

Samningur þessi hefur sama gildistíma og gildissvið og kjarasamningur VR og SA, með þeim forsendum og fyrirvörum sem þar eru.

Kópavogur 9. nóvember 2021

Samþykkt
f.h. rekstraraðila ípróttahúsa HK.

Hanna Carla

Samþykkt
f.h. VR.



HC
RG

Launataxti 2021 - 2022

1. janúar 2021

| | Mán.laun | Dagvinna | 33% álag | 55% álag | Yfirvinna | Stórh.álag |
|--------------------------|-----------------|-----------------|-----------------|-----------------|------------------|-------------------|
| Undir 20 ára | 337.267,00 | 2.008,26 | 2.670,98 | 3.112,80 | 3.502,52 | 4.637,42 |
| Eldri en 20 ára | 340.010,00 | 2.024,59 | 2.692,71 | 3.138,12 | 3.531,00 | 4.675,14 |
| Eftir 1 ár í starfsgrein | 343.984,00 | 2.048,26 | 2.724,18 | 3.174,80 | 3.572,27 | 4.729,78 |
| Eftir 1 ár í fyrirtæki | 354.325,00 | 2.109,83 | 2.806,08 | 3.270,24 | 3.679,67 | 4.871,97 |
| Eftir 3 ár í fyrirtæki | 360.772,00 | 2.148,22 | 2.857,13 | 3.329,74 | 3.746,62 | 4.960,62 |
| Eftir 5 ár í fyrirtæki | 366.730,00 | 2.183,70 | 2.904,32 | 3.384,73 | 3.808,49 | 5.042,54 |

Desemberuppbót 121.700,00

Orlofsuppbót 52.000,00

1. janúar 2022

| | Mán.laun | Dagvinna | 33% álag | 55% álag | Yfirvinna | Stórh.álag |
|--------------------------|-----------------|-----------------|-----------------|-----------------|------------------|-------------------|
| Undir 20 ára | 362.267,00 | 2.157,12 | 2.868,97 | 3.343,54 | 3.762,14 | 4.981,17 |
| Eldri en 20 ára | 365.010,00 | 2.173,45 | 2.890,69 | 3.368,85 | 3.790,63 | 5.018,89 |
| Eftir 1 ár í starfsgrein | 368.984,00 | 2.197,12 | 2.922,17 | 3.405,53 | 3.831,90 | 5.073,53 |
| Eftir 1 ár í fyrirtæki | 379.325,00 | 2.258,69 | 3.004,06 | 3.500,98 | 3.939,29 | 5.215,72 |
| Eftir 3 ár í fyrirtæki | 385.772,00 | 2.297,08 | 3.055,12 | 3.560,48 | 4.006,24 | 5.304,37 |
| Eftir 5 ár í fyrirtæki | 391.730,00 | 2.332,56 | 3.102,30 | 3.615,47 | 4.068,12 | 5.386,29 |

Desemberuppbót 124.750,00

Orlofsuppbót 53.000,00

RS
H